

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 7 - 2025

Staður: Keldnaholt og Teams

Tími: Þriðjudagur 13. maí 2025 kl. 13:15

Mættir: Jóhanna Gísladóttir, Haukur Þórðarson, Ingiberg Daði Kjartansson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir. Emmanuel Pierre Pagneux deildarforseti var gestur fundarins undir lið 5.

Forföll: Birgir Þór Haraldsson og Þórunn Jónsdóttir.

Fundur settur 13:15.

Dagskrá:

1. Fundur háskólaráðherra með rektorum [13:15-13:30 - kynning og umræða]

Ragnheiður sagði frá fundi ráðherra háskólamála og rektora háskólanna 29. apríl sl. Hún komst því miður ekki á fundinn sjálf en fékk upplýsingar að honum loknum (sjá glærur í fundargögnum). Þar var farið yfir fjármálaáætlun 2026-2030 þar sem nokkur niðurskurður er væntanlegur á árinu 2029. Farið var yfir reiknilíkanið og fæst 0,31 króna fyrir hverja krónu sem aflast í erlendum styrkjum úr viðurkenndum sjóðum reiknilíkansins. Við erum að eflast þar með styrki frá Horizon og LIFE. Rætt var um gagnaskil háskóla, kerfið er að þróast í átt að meiri sjálfvirkni. Einnig rætt um háskólasamstæðu og sameiningar stofnana, hagræðingartillögur, endurskoðun laga vegna Menntasjóðs námsmanna og vegna háskólasamstæðu og skólagjalda fyrir erlenda nemendur, og um fækkun sjóða. Loks voru rædd áhrif alþjóðamála á háskóla- og vísindastarf. Evrópsku háskólanetinu komu þar við sögu og einnig breytingar í Bandaríkjunum. Nýr tengiliður við LbhÍ er Ólafur Grétar Kristjánsson.

Háskólaráð ræddi málin m.a. um að styrkja enn frekar tengsl við hagaðila (RML, BÍ) og fá auknar upplýsingar um samfélagslegar þarfir. Ákveðið að boða til vinnufundar með starfsmönnum í haust og ræða framtíðarsýn og langtíma verkefni.

2. Fundur í París sem boðað var til af forseta Frakklands og forseta framkvæmdastjórnar ESB [13:30-13:40 - kynning og umræða]

Ragnheiður sagði frá fundi rektora og vísindasamfélagsins í Evrópu sem Macron og Von der Leyen boðuðu til mánudaginn 2. maí í Sorbonne háskólanum í París. Von der Leyen kynnti 500 m. EUR áætlun fyrir evrópskra háskóla 2025-2027 sem á að laða að vísindafólk til Evrópu. Umræða um Bandaríkin áberandi á fundinum.

3. Gjaldskrá 2025-2026 [13:40-13:50 - kynning, umræða og afgreiðsla]

Uppfærð gjaldskrá lögð fram sem tekur gildi í upphafi næsta skólaárs. Ákveðið að sameina skjölin sem lögð voru fram og bæta inn upplýsingum um gjald fyrir nemendur utan ESB. Samþykkt.

4. Hugverkastefna [13:50-14:10 - kynning, umræða og afgreiðsla]

Hugverkastefna var rædd í framkvæmdastjórn sem vildi bæta við grein um námsefni. Ákveðið að rýna betur og bera saman við reglur Háskóla Íslands og norrænna háskóla. Afgreiðslu frestað til haustsins.

5. Kynning deildarforseta Náttúru og skógar [14:10-14:30]

Emmanuel Pierre Pagneux deildarforseti fór yfir starfsemi Náttúru og skógar. Verið er að kaupa dróna með myndavélakerfi sem mun nýtast vel til ýmissa verkefna, s.s. LIFE, búfjárrækt, jarðrækt m.m. Byggja þarf upp viðeigandi tækninám, viðhald og gagnavinnslugetu samhliða til að tryggja að þessi fjárfesting nýtist til fulls. Bæta þarf grunnnámsstig og brúa betur bil milli BS og MS náms.

6. Mál til upplýsingar

Yfirlit yfir starfsemi starfsárið 2024-2025 lögð fram og verður birt á vef Lbhí.

Heimsókn sendiherra Tékklands og ráðherra vísindamála í næstu viku.

Heimsóknardagur á búin ákveðinn í október.

Fundardagar í haust óbreyttir.

Brautskráning er 6. júní.

Síðasti fundur starfsársins. Takk fyrir samstarfið.

RIP